

Hér fyrir neðan eru tveir ramar og í hvorum sérðu tvo samhljóða. Neðst á síðunni eru svo ýmis orð. Þú átt að finna orð sem innihalda báða samhljóðana sem þú sérð í stóra rammanum í orðunum, klippa þau út og líma í réttan ramma. T.d. er orðið lokkur bæði með l og k og þá klippirðu það orð út og límir í rammann þar sem l og k eru. Sum orðin gætu þér þótt skrýtin og ef þú veist ekki hvað þau þýða skaltu spyrja fullorðinn eða leita í orðabók.

l k

b t

lokkur

blása

brjóta

klukka

afbrot

tuðra

fleki

braka

blettur

kaflinn

dagsbirta

restar

klakklaust

blómstra

krafa

brotna

flykkjast

kisa